

Úthlutunarreglur vísindasjóðs

Vísindasjóður Þroskaþjálfafélags Íslands

1.gr.

Vísindasjóður Þroskaþjálfafélags Íslands er ætlaður til að efla faglega þekkingu í formi kaupa á fagbókum, fagtímaritum, ferða- og dvalarkostnaðar, námskostnaðar, námskeiðs-ráðstefnugjalda og eða á þann hátt sem félagsmaður telur sig auka fagþekkingu sína á sem bestan hátt.

2.gr.

Aðild að sjóðnum eiga þeir félagsmenn í Þroskaþjálfafélagi Íslands sem greitt er fyrir í sjóðinn. Greiða þarf samfellt í 6 mánuði á tímabilinu til að félagsmaður öðlist rétt.

3.gr.

Sjóðnum er skipt á milli þeirra félagsmanna ÞÍ sem greitt hefur verið fyrir og sækja um styrkveitingu fyrir 15. maí ár hvert. Umsóknarform er að finna á „*Mínum síðum*“ á heimasíðu félagsins.

4. gr.

Ákvarðanir um styrkveitingar skulu liggja fyrir 1. júní ár hvert. Styrkuppþæð er greidd samkvæmt meðaltals starfshlutfalli síðastliðna á umsóknartímabilinu. Ekki skal greiða hverjum einstaklingi hærra upphæð en sem nemur 100% vinnu.

5. gr.

Félagsmenn í fæðingarorlofi sem greiða félagsgjald til ÞÍ af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði eiga rétt til úthlutunar úr sjóðnum hafi þeir haft aðild fyrir töku fæðingarorlofs.

6. gr.

Stjórn Vísindasjóðs ÞÍ fjallar um og afgreiðir umsóknir.

7.gr.

Sjóðsstjórn er heimilit að endurskoða starfsreglur ár hvert. Nýjar reglur skulu kynntar á aðalfundi að undanfarinni samþykkt sjóðsstjórnar og stjórnar ÞÍ.